



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík*

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2018. Er þetta í ellefta sinn sem verðlaunin eru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fengu 68 nemendur og einn nemendahópur verðlaun og hafa þeir aldrei verið fleiri. Samtals hafa 728 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir lestrarhestar, framúrskarandi upplestrarar, tvítyngdir nemendur sem náð hafa góðum tókum á íslensku á skömmum tíma, sagnahöfundar og ljóðskáld.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996 og hefur hún verið viðstödd í öll skiptin nema eitt og afhent börnunum verðlaunin. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal undirritað af verndara verðlaunanna og bókina Ljóðaúrval með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Verðlaunhafar fengu einnig að gjöf bókamerki frá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Verðlaunathöfnin var haldin í Norðurljósum í Hörpu þar sem u.þ.b. 500 boðsgestir mættu, verðlaunarhafar, fjölskyldur þeirra, skólastjórar, kennarar o.fl. Pawel Bartoszek, varaformaður skóla- og frístundaráðs, bauð gesti velkomna og var kynnrir í athöfninni. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, flutti setningarræðu. Vigdís Finnbogadóttir afhenti verðlaunin ásamt Mörtu Guðjónsdóttur formanni nefndar um íslenskuverðlaun og Alexandra Briem, fulltrúi í skóla- og frístundaráði, las upp nöfn verðlaunahafa og ummæli þeirra sem tilnefndu. Við afhendinguna komu fram nemendur úr Söngskóla Sigurðar Demetz undir stjórn Sigurbjargar Hvanndal Magnúsdóttur og einnig stúlknakór úr Laugarnesskóla undir stjórn Hörpu Þorvaldsdóttur. Við lok athafnar risu gestir úr sætum og sungu saman „Á íslensku má alltaf finna svar“ eftir Þórarín Eldjárn og Atla Heimi Sveinsson.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur fulltrúa í skóla- og frístundaráði sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Láru Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir hönd kennara, Nönnu K. Christiansen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu og Kristínu Viðarsdóttur fyri hönd Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sem sáu um undirbúning og framkvæmd eru Anna Garðarsdóttir, Guðrún Hjartardóttir og Sigfríður Björnsdóttir.